

## 6. miðstjórnarfundur RSÍ 9. desember 2011

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Hafliði Sívertsen, Einar Kristinsson, Jakob Tryggvason, Eyjólfur Ólafsson, Sigurjón Ólason, Sighvatur D Sighvarz, Stefán Sveinsson, Jón Ingi Skúlason, Sigurjón Ingvarsson, Kristín Benediktsdóttir, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Georg Georgsson, Ómar Baldursson, Sigurður Sigurðsson, Jens H Ragnarsson, Bára Halldórsdóttir.  
Forföll boðuðu: Helgi Jónsson og Grétar Guðmundsson.

### 4. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 5. Lagabreytingar

Félögin þurfa að senda lagabreytingar félaganna til miðstjórnar og miðstj. sendir þær til ASÍ sem staðfestir. Lagabreytingar FÍR, FRV, RFN lágu fyrir fundinum en FRS og RFS hafa einnig sent inn lagabreytingar en þær höfðu ekki borist. Kristján fór yfir þær breytingar sem félögin (FÍR, FRV og RFN) hafa samþykkt.

### 3. Gistináttaskattur

Kristján fór yfir gistináttaskatt sem ríkisstjórnin lagði á. RSÍ yfirsást að innheimta þetta og koma þessu inn í okkar orlofskerfi. Þetta eru um 2 millj. kr á ári sem RSÍ mun þurfa að borga vegna orlofskerfisins. Við þurfum að innheimta þetta og koma upp kerfi til þess. Skila þarf inn skattinum á tveggja mánaða fresti.

ASÍ er að vinna í þessu máli sameiginlega fyrir stéttafélögin, til þess að við verðum undanþegin þessum skatti.

Bent er á 4. grein laganna um undanþágur.

Ef við munum þurfa að innheimta þetta þá verður það gert frá og með áramótum og mun þá leiga orlofshúsa og gistigjald á tjaldstæðum hækka sem þessu nemur.

Talið er best að skatturinn komi sérstaklega fram í innheimtunni á orlofsaðstöðu, komi það til að við verðum að innheimta hann.

### 4. Skattlagning lífeyrissjóða

Í bandormi sem tengjast fjárlögum sem samþykkt voru á Alþingi í gær er grein um skattlagningu á lífeyrissjóði. Kristján lagði fram ályktun varðandi málið og fór yfir hana. Eftir umræður og breytingar var ályktunin samþykkt og verður send fjölmiðlum.

### 5. Önnur mál

- a. Kristján sagði frá 10% launalækkun sem starfsfólk hjá Skiptum tóku á sig 2008 og taldi að væri tímabundin. Kristján fer á fund yfirmanna Skipta og ræðir málin því Skipti túlka nú að lækkunin hafi verið varanleg. Málin rædd. Eyjólfur sagði frá málefnum trúnaðarmanns RÚV.

- b. Kristján sagði frá jólastyrk RSÍ til atvinnulausra, greiða þarf tekjuskatt af jólastyrknum og því þarf að hækka jólastyrkinn.
- c. Stefán Sveinsson sagði frá því að hann tæki við skólastjórstöðu Rafiðnaðarskólans um áramótin. Jón Ingi Skúlason mun koma í stjórn í hans stað. Var honum þökkuð vel unnin störf fyrir sambandið og óskað velfarnaðar í nýju starfi.
- d. Kristján benti á frétt af netinu varðandi ýmsa lánamöguleika.
- e. Kristján sagði frá styrktarbeiðni SÁÁ og verður þeim bent á árlega styrkjaúthlutun sem fer fram einu sinni á ári.
- f. Myndataka.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.45

Fundargerð: Bára Halldórsdóttir

## Ályktun miðstjórnar RSÍ um skattlagningu lífeyrissjóða

Miðstjórn RSÍ hafnar fortakslaust þeirri aðferðarfræði sem ríkisstjórnin hyggst beita við fjármögnun ríkissjóðs með þeim hætti að skattleggja hreinar eignir samtryggingar lífeyrissjóða. Fjármunir lífeyrissjóða er eign sjóðsfélaga en ekki lífeyrissjóða, þeim ber að ávaxta þá fjármuni sem sjóðsfélagar leggja í sjóðina.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 er gert ráð fyrir að hrein eign lífeyrissjóðanna verði skattlögð sérstaklega. Með þessu ætlar Alþingi að færa sérgreint sparifé sjóðsfélaga yfir í almannaeygu. Þessi tilfærsla á fjármunum er klárt brot á Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands en þar segir að eignarrétturinn sé friðhelgur. Með lagasetningu þessari er þar með gengið á rétt þeirra fjölmörgu sjóðsfélaga sem hafa sýnt þá fyrirhyggju að leggja fjármuni til hliðar sem nýta skuli á efri árum.

Það er í hrópandi ósamræmi þegar einn og afmarkaður stofn, óháður skuldbindingum, er tekinn til skattlagningar umfram annan því þessi skattlagning jafngildir því að Ríkissjóður myndi taka eignarnámi hlut af fasteignum landsmanna til þess eins að auka verðmæti í Ríkissjóði. Sérstök skattlagning á innistæðum í bönkum yrði seint heimiluð enda sömu forsendur sem liggja þar að baki. Það er öllum ljóst að sú framkvæmd yrði talin fáránleg!

Rétt er að benda á óréttlæti sem af þessu hlýst ef horft er til almenna lífeyrissjóðakerfisins á móti því opinbera, því þegar hrein eign almennu lífeyrissjóðanna lækkar á móti áföllnum skuldbindingum og fer undir -15% hlutfall þá ber almennum lífeyrissjóðum að skerða réttindi sinna sjóðsfélaga annað hvort áfallnar skuldbindingar, framtíðarskuldbindingar eða hvoru tveggja. Sem sagt sjóðsfélagar fá lægri fjárhæðir við greiðslu lífeyris.

Ef hins vegar er horft til opinberu lífeyrissjóðanna þá gerist slíkt hið sama, áfallnar skuldbindingar verða meiri en eignirnar, **en** í stað þess að sjóðirnir þurfi að skerða réttindi þá er sá mismunur sóttur í Ríkissjóð Íslands sem bætir sjóðnum upp tapið og sjóðsfélagar halda fullum lífeyri. Þetta leiðir til þess að skuldbinding Ríkissjóðs eykst og skattgreiðendur þurfa að greiða hærri skatta til að vege upp tapið. Því er augljóst mál að mismunun á milli þessara tveggja hópa er algjör!

Það verður ekki við það unað að stéttarskipting í landinu fái að þróast áfram með þessum hætti að eingöngu þeir sem greiði í almennu lífeyrissjóðina þurfi í sí og æ að „borga brúsann“, því með þessu breiðkar sífellt bilið á milli þeirra sem greiða í almennu sjóðina og þá opinberu.

Miðstjórn RSÍ mótmælir þessari aðför að félagsmönnum RSÍ og óskar enn á ný eftir því að jafnræðis verði gætt við alla þá skattlagningu sem stefnt er að og síst af öllu að ganga á Stjórnarskrárvarinn rétt landsmanna. Það verður ekki endalaust tekið af sama hópnum með skattlagningu, þeim hópi sem hefur lökustu kjörin. Leiðin út úr erfiðum efnahagsaðstæðum er ekki með skattþíningu! Leiðin sem er fær og okkur ber að fara er með aukinni atvinnu og verðmætasköpun.

Reykjavík, 9.12.11

Kristján Þórður Snæbjarnarson  
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands